

**Nr. 076 / 15 Mardís AK 48****Vélarvana og dregin til hafnar**

Skipaskr.nr. 7196  
Smíðaður: Hafnarfirði 1987, trefjaplast.  
Stærð: 5,68 brl. 4,86 bt.  
Mesta lengd: 7,92 m Skráð lengd: 7,65 m  
Breidd: 2,68 m dýpt: 1,46 m  
Vél: Yanmar, 54 kw, árg. 1989  
Fjöldi skipverja: 1



Mardís©NN

**Gögn:**  
Gögn RNS

Málið afgreitt á fundi 26. október 2015 af Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni, Pálma K Jónssyni og Hirti Emilssyni

*Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.*

**Atvikalýsing:**

Þann 8. júlí 2015 var Mardís AK 48 á strandveiðum á Vestfjarðarmiðum. Veður:

Þegar báturinn var á siglingu undir Blakksnesi stöðvaðist vélin. Skipstjórinn kallið eftir aðstoð frá nærstöddum bát, Apríl BA 25, sem kom á staðinn og dró Mardísi til Patreksfjarðar.

**Við rannsókn kom fram:**

- að skipstjórinn sagði að við komu til Patreksfjarðar hefði ekkert komið í ljós af hverju vélin stöðvaðist;
- að hugsanlegt var að loft hefði komist inn á olúkerfið en vart varð við smá loftbólur í því við skoðun;
- að skipstjóri taldi að það hefði verið lán hversu Apríl BA var nálægt enda var leiðindaveður á svæðinu þegar báturinn varð vélavana.

**Nefndarálit:**

Nefndin ályktar ekki í málinu.